



## **Fundargerð** *Stjórnarfundur nr.48*

Stjórnarfundur Norðurár bs. haldinn í Þjónustuhúsinu að Stekkjarvík, þriðjudaginn 3. apríl 2012, kl. 14.00

Mætt voru Magnús B. Jónsson, Gísli Árnason, Jón Sigurðsson og Fannar Viggósson, starfsmaður Norðurár bs.

Gestir fundarins:

Frá Sveitarfélaginu Skagafirði;

Ásta Björg Pálmadóttir, sveitarstjóri, Sigríður Magnúsdóttir formaður Umhverfis- og samgöngunefndar, Jón Örn Berndsen sviðstjóri Umhverfis- og tæknisviðs

Frá Blönduóbæ: Ágúst Þór Bragason, sveitarstjórn Blönduósbæjar

Dagskrá:

1. Tilefni fundarins voru umræður um fram komnar hugmyndir um urðun sláturúrgangs á urðunarsvæði Norðurár við Stekkjarvík.

Í upphafi fundar voru skoðaðar aðstæður í urðunarhólfi og möguleg staðsetning urðunarhólfs fyrir sláturúrgang.

1. Lagt fram minnisblað um gerð urðunarhólfs fyrir urðun sláturúrgangs, unnið af Gunnari Svavarssyni, Efla verkfræðistofa. Gert er ráð fyrir að farga þurfi um 800 tonnum af sláturúrgangi á starfssvæði Norðurár bs. Fram kom að sveitarfélögin eru á undanþágu með þau svæði, sem hafa verið notuð til urðunar á sláturúrgangi. Ákveðið að vinna frekar að málinu og funda með fulltrúum Flokkunar Eyjafjarðar og Moltu vegna málsins í byrjun maí næstkomandi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16.30  
Fundargerð ritaði Gísli Árnason